



SAMNINGUR 2020 - 2021
AKUREYRARBÆR
OG
BJÖRGUNARSVEITIN SÚLUR

Akureyrarbær, kt. 410169-6229 og Súlur, björgunarsveitin á Akureyri
kt. 640999-2689 gera með sér svofelldan

SAMNING

um styrk Akureyrarbæjar til reksturs Súlna á árunum 2020 - 2021:

1. Skyldur styrkþega

Fyrir framlag Akureyrarbæjar skal unnið skv. skilgreindu hlutverki björgunarsveitarinnar eins og því er lýst í 2. gr. laga Súlna, björgunarsveitarinnar á Akureyri sem samþykkt voru 12.3. 2009. Lög styrkþega eru hluti samnings þessa sem fylgiskjal 1.

Að auki sinnir björgunarsveitin eftirtöldum verkefnum fyrir sveitarfélagið:

- *Aðstoð við Slökkvilið Akureyrar* í samráði við slökkviliðsstjóra eða staðgengil. Í því felst að útvega bifreið og bílstjóra v. sjúkraflutninga í slæmri færð, aðstoð við slökkvilið vegna verðmætabjörgunar og bátaaðstoð.

2. Markmið Akureyrarbæjar

Markmið Akureyrarbæjar með styrkveitingunni er að styðja við starfrækslu björgunarsveitar á Akureyri eins og lýst er í 1. lið. Styrkurinn er veittur í samræmi við meðf. reglur Akureyrarbæjar um styrkveitingar.

3. Framlög og greiðslur

Akureyrarbær greiðir Súlum styrk að upphæð kr. 3.330.000 á ári. Greiðslan verður innt af hendi 15. desember ár hvert. Akureyrarbær er heimilt að skuldajafna ógreiddum fasteignagjöldum við ofangreindan styrk ef um vanskil verður að ræða.

4. Upplýsingagjöf

Styrkþegi skal upplýsa viðkomandi embættismann um hvernig styrknum var varið þegar gert er ráð fyrir að styrkþegi hafi lokið þeim verkefnum sem voru tilefni styrkveitingarinnar. Skal það gert skriflega.

5. Skuldbinding

Styrkþegi skuldbindur sig til að endurgreiða styrkinn ef honum hefur ekki verið varið til framangreindra verkefna/framangreinds verkefnis, sbr. 1. gr.

Akureyri, 22. desember 2020


Gunnlaugur Búi Ólafsson
Formaður Súlna, björgunarsveitarinnar
á Akureyri


Ásthildur Sturludóttir
bæjarstjóri
Með fyrirvara um samþykki bæjarráðs.

Vottar

Kristinn Þeinnsson kt. 11264-5549
Jonpar Lentið kt. 030791-3129

Fylgiskjal 1: Lög Súlna, björgunarsveitarinnar á Akureyri
Fylgiskjal 2: Reglur Akureyrarbæjar um styrkveitingar